

Fornleifauppgröftur á deiliskipulagssvæði í Leirvogstungu, Mosfellsbæ. (Framvinduskýrsla)



Oddgeir Hansson

Fornleifastofnun Íslands

FS333-06351



Reykjavík 2006

Forsíðumyndin: Horft yfir Svæði A úr norðri

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efni.

Inngangur.....	4
Fornleifauppgröftur í Leirvogstungu. Fyrsti áfangi. Könnunarskurðir.....	5
Verklýsing.....	5
Lýsing á Skurðum.....	5
Niðurstöður.....	6
SK1.....	6
SK2.....	7
SK3.....	8
SK4-6.....	9
SK7-11.....	9
Leirvogstunga. Annar hluti. Björgunaruppgröftur á rústum útihúsa í túni.....	10
Verklýsing.....	10
Svæði A. Niðurstöður.....	11
Svæði B. Niðurstöður.....	13
Heimildir.....	15


Inngangur.

Fyrirhugað er að leggja um 50 hektara svæði á jörðinni Leirvogstungu í Mosfellsbæ undir byggð. Af þeim sökum fóru landeigendur þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún inni deiliskráningu fornleifa á skipulagssvæðinu og fór heimildakönnun fram 8. júní en vettvangskönnun var gerð dagana 10.-11. júní 2006. Heimatún jarðarinnar mun allt lenda undir hinni fyrirhuguðu byggð, en að fenginni reynslu eru mestar líkur á að fornleifar sé að finna á slíkum svæðum. Fornleifaskráningin leiddi ljós að engar fornleifar væru sjáanlegar á yfirborði túnsins en þó væru þar nokkrir staðir þar sem fornleifar gætu leynst undir sverði.¹

Í ljósi niðurstaðna fornleifaskráningarinnar gaf Fornleifavernd ríkisins þau fyrirmæli að grafa þyrfti könnunarskurði á völdum stöðum innann túnsins til þess að skera úr um það hvort fornleifar væri þar að finna í jörðu. Við þessa könnun komu í ljós byggingaleifar í þremur skurðum, þe. á tveimur stöðum í túninu (skráningarnúmer: GK-236:003 og GK-236:006) og á sjálfum bæjarhólnum (GK-236:001). Í framhaldi af því ákvað Fornleifavernd ríkisins að gera þyrfti fullnaðaruppgröft á tveimur fyrst nefndu stöðunum, en frekari ákvarðanir vegna byggingaleifa á bæjarhólnum skildu bíða betri tíma. Var talið að ekki væri hægt að fá skýra mynd af umfangi mannvistarleifa í hólnum fyrr en búið væri að rífa fjós sem á hólnum stendur. Að beiðni landeigenda tók Fornleifastofnun einnig að sér að gera könnunarskurðina, sem og að sjá um fullnaðaruppgröft á mannvirkjunum sem fundust í túninu. Verður greint frá helstu niðurstöðum úr þessum rannsóknum í þeirri skýrslu sem hér fer á eftir. Það skal tekið fram að hér er einungis um að ræða bráðabirgðaskýrslu, en fullnaðarskýrsla mun verða sett saman þegar öllum rannsóknum á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu verður lokið.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ* (FS321-06231)

Fornleifauppgröftur í Leirvogstungu. Fyrsti áfangi. Könnunarskurðir.



Mynd 1: Yfirlit yfir könnunarskurði 1-11

Verklýsing

Undirbúningur vettvangsvinnu var gerður dagana 8-9 ágúst, en vettvangsvinna fór fram dagana 11-25 ágúst og vélgrafnir 11 skurðir sem skráðir voru með hefðbundnum aðferðum og mældir upp. Eru skurðirnir nefndir SK1-11. Verkið unnu Hildur Gestsdóttir, sem jafnframt fór með verkstjórn, Oddgeir Hansson og Óskar Gíslí Sveinbjarnarson.

Lýsing á Skurðum

(Mesta lengd og breidd í metrum)

Skurður	Lengd	Breidd
SK1	12,2	3,0
SK2	17,6	1,7
SK3	28,7	1,2
SK4	4,1	2,1
SK5	5,0	1,7
SK6	8,2	1,8
SK7	12,7	1,1

SK8	8,9	1,2
SK9	9,6	1,1
SK10	8,9	1,4
SK11	7,8	1,1

Niðurstöður

SK1



Mynd 2: Horft til suðurs yfir SK1

Í SK1 fundust veggjarleifar, hlaðnar úr tilhöggnu grjóti, auk greinilegs hruns úr veggjum. Virðist byggingin hafa verið niðurgrafin og sást móta fyrir húsgrunninum. Hafa veggirnir verið hlaðnir ofan í grunnin en síðan fyllt upp að þeim með mól að utanverðu. Einnig sást þykkt lífrænt lag í skurðinum líklega með eins og gjarnan safnast upp í skepnuhúsum, en þegar grafið var niður úr laginu var komið niður á náttúrulega mól. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús á þessum stað sem er um 140 m austur frá bæjarhólnum. Að sögn Guðmundar Magnússonar, sem fæddur er árið 1934 og búið hefur alla sína tíð í Leirvogstungu, mun hafa verið um að ræða tvö fjárhús og hesthús með sameiginlega hlöðu. Voru húsin sambyggð hlöðunni að sunnanverðu. Talsvert af gripum fannst í skurðinum, þ.e. keramikbrot, glerbrot, koparleifar, viðarleifar, járnleifar af ýmsum stærðum og gerðum, textíll, brýni ofl. Gripirnir virðast við fyrstu sýn flestir vera frá fyrri hluta 20. aldar en þó fæst ekki endanlega úr því skorðið fyrr en þeir hafa verið greindir af gripafræðingi. Verður

gerð nánari grein fyrir þeim í lokaskýrslu um rannsóknir á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu. Þess má geta að til er ljósmynd af húsunum, en þeim var rutt árið 1955 og staðurinn sléttaður. Samkvæmt fyrirmælum Fornleifaverndar ríkisins þurftu að fara fram frekari rannsóknir á þessum minjum og verður greint frá helstu niðurstöðum úr þeim hér á eftir (sjá neðar.)

SK2

Í SK2 fundust veggjarleifar hlaðnar úr tilhöggnu grjóti. Var um að ræða þrjá veggi, þe. einn langvegg sem fylgdi suðurhlíð skurðarins og tvo veggi sem gengu þvert á hann við sinn hvorn enda. Byggingarlag þessa mannvirkis virðist að mestu leiti svipað því sem sást í SK1. Virðist byggingin hafa verið niðurgráfin og sást móta fyrir húsgrunninum. Hafa veggirnir verið hlaðnir ofan í grunnin en síðan fyllt upp að þeim að utanverðu, ýmist með torfi eða möl. Virðist sem byggingin hafi verið fyllt af grjóti þegar sléttað var yfir hana og var mikið af



Mynd 3: Horft til austurs yfir SK2

grjótinu í fyllingunni tilhöggvið sem bendir til þess að það hafi komið úr hleðslum. Þegar grjótið var fjarlæggt var komið niður á náttúrulega möl, svipaða og þá sem sást í botni SK1. Í austurenda skurðarins sáust einnig leifar stéttar sem gerð var úr náttúrulegu grjóti. Var mikið af torfríkum jarðvegi yfir stéttinni og á milli steinanna. Virðist stéttin sitja á yfirborði því sem niðurgráfa byggingin hefur verið grafin niður úr. Nokkrir gripir fundust í skurðinum, einkum glerbrot, járn og viðarleifar. Er eins um þá og gripina sem fundust í SK1 að þeir virðast flestir vera frá fyrri hluta 20. aldar, en þó fæst ekki endanlega úr því skorið fyrir en þeir hafa verið greindir af gripafræðingi. Verður gerð nánari grein fyrir gripunum í lokaskýrslu um rannsóknir á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu.

Útihús eru merkt inn á túnakort frá 1917 á þessum stað, um 80 m suður af útihúsunum sem sáust í SK1. Samkvæmt túnakortinu virðist sem um hafi verið að

ræða eina stóra byggingu um 10 x 8 m að stærð sem lá austur vestur með þremur viðbyggingum að sunnanverðu sem allar virðast hafa verið um 8 x 5 m að stærð og legið norður-suður. Guðmundur Magnússon sem fæddur er árið 1934, eins og fram hefur komið, man ekki eftir byggingum á þessum stað. Því er líklegt að þær hafi verið sléttaðar snemma á 20. öld. Samkvæmt fyrirmælum Fornleifaverndar ríkisins þurftu að fara fram frekari rannsóknir á þessum minjum og verður greint frá helstu niðurstöðum úr þeim hér á eftir (sjá neðar).

SK3

SK3 var grafinn norðanvert í núverandi bæjarstæði, norðan við fjós sem ábúendur telja að standi á eða við gamla bæjarhólinn. Í honum sást miklar leifar torf og grjóttveggja, auk öskulaga. Einnig fannst beinagrind af hesti, að því er virðist í heilu lagi. Nokkuð fannst af gripum í skurðinum, þ.e glerbrot, leirkersbrot, brýni, járn, textíll, leður viðarleifar, auk nokkurra dýrabeina. Er eins um þessa gripi og þá sem fundust í SK1 og SK2 að þeir virðast flestir vera frá fyrri hluta 20. aldar, en þó er ekki hægt að skera endanlega úr um það fyrr en þeir hafa verið greindir af gripafræðingi. Verður



Mynd 4: Horft til vesturs yfir eystri hluta SK3

gerð nánari grein fyrir gripunum í lokaskýrslu um rannsóknir á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu. Fornleifavernd ríkisins taldi ekki hægt að leggja mat á umfang fornleifa í bæjarhólinum, og þar af leiðandi taka ákvörðun um frekari rannsóknir, fyrr en búið væri að rífa fjósið sem á honum stendur. Hefur það verk enn sem komið er ekki farið fram.

SK4-6

SK-4 var grafinn austast núverandi bæjarstæði, nánar til tiltekið rétt norðan við í íbúðarhúsið í Leirvogstungu 3. Var markmiðið að finna austurmörk gamla bæjarhólsins. Engar mannvistarleifar fundust í skurðinum. SK5-6 voru grafnir með um 18 m millibili í suðurjaðar þess bæjarhóls sem nú sést á yfirborði, sunnan við áðurnefnt fjós (sjá SK3), með það fyrir augum að finna suðurmörk gamla bæjarhólsins. Engar mannvistarleifar var að sjá í þessum skurðum utan þess að greinilega sást að gerði sem er sunnan við áðurnefnt fjós, stendur á manngerðri upphækkun á hinum náttúrulega hól. Sýnir þetta því fram á að mörk bæjarhólsins liggja vestan við skurð 4 og norðan við skurði 5 & 6.

SK7-11

SK7-11 voru grafnir á um 680 m² svæði við austurjaðar gamla heimatúnsins, með það fyrir augum að athuga hvort hægt væri aðstaðsetja lítið útihús sem sýnt er á túnakorti frá 1917 í túnjaðrinum, um 70 m austsuðaustur frá áðurnefndu hesthúsi, og voru því skurðirnir grafnir í ójöfnur sem eru í túninu á þessu svæði. (sjá SK1). SK7 er vestanvert, norðarlega á svæðinu, en SK8 vestanmegin sunnarlega á svæðinu og liggja báðir nokkurn vegin austur vestur. Engar mannvistarleifar var að finna í þessum skurðum. SK9-11 eru austanvert á svæðinu og raðast frá norðri til suðurs: SK9, SK10, SK11. SK9 og SK11 liggja norður-suður en SK10 austur vestur. Engar mannvistarleifar fundust í þessum skurðum, fyrir utan móöskuskellur í miðjum SK10, í suðurenda SK9 og í norðurenda SK11. Er mögulega að ræða sama jarðlagið í öllum skurðum. Fornleifavernd ríkisins taldi þó ekki ástæðu til frekari rannsókna á þessu svæði.

Leirvogstunga. Annar hluti. Björgunaruppgröftur á rústum útihúsa í túni

Verklýsing.

Eins og fram hefur komið gaf Fornleifavernd ríkisins þau fyrirmæli að fara þyrfti fram frekari rannsóknir á mannvistarleifum sem fundust í SK1-3.

En sem komið er liggja þó ekki fyrir nákvæm fyrirmæli um eðli þeirra rannsókna sem fara þurfa fram á þeim mannvirkjum sem fundust í SK-3 á bæjarhólnum. Var ákveðið að bíða með frekari ákvarðanir þar til lokið væri niðurrifi á fjósi því sem á hólnum stendur og skýrari mynd verður fengin á stærð bæjarhólsins.

Byggingarnar sem sáust í SK1 og SK2 virtust í báðum tilvikum vera niðurgrafnar og látið nægja að fylla upp í þær þegar tún var sléttað. Því var það ákvörðun Fornleifaverndar að notast mætti við skurðgröfu til að afhjúpa rústir þeirra. Unnið var dagana 3-13 október en að loknum vélgreftri voru öll mannvistarlæg grafin og skráð, þ.e teiknuð mæld og lýst með einingakerfi (e. *single context recording*). Einnig voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Verkið unnu Hildur Gestsdóttir, sem jafnframt fór með verkstjórn, Oddgeir Hansson, Lilja Björk Pálsdóttir, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Vala Björg Garðarsdóttir, Davide Marco Zori og Stefán Ólafsson.

Svæðin sem grafið var á eru hér kölluð Svæði A og Svæði B. Svæði A er þar SK1 var grafinn og Svæði B þar sem SK2 var grafinn. Verður greint frá bráðabirgðaniðurstöðum úr þessari rannsókn hér fyrir neðan.

Svæði A. Niðurstöður

Svæðið sem opnað var, var um 16x14 m að stærð og var notast við skurðgröfu til að taka burt yfirborðslög og að moka upp úr byggingu þeirri sem sást í SK1 Að loknum vélgræftri stóð eftir bygging með vönduðum veggjahleðslum úr tilhöggnu grjóti. Samanstóð fyllingin í byggingunni af torfblönduðum jarðvegi sem innihélt mikið af stóru tilhöggnu grjóti. Byggingin er um 7,6 x 5 m að stærð og liggur austur-vestur. Stendur hún í grunni sem er um 9 x 6,5 m að stærð og liggur austur vestur. Eins og ummál byggingarinnar gefur til kynna, þá fyllir hún ekki alveg út í grunninn og því er malafylling utanvert meðfram veggjum hennar. Eins og fram kom í umfjöllun um SK1 hér að



Mynd 5: Horft til austurs yfir rústina sem grafin var upp á Svæði A

framan þá sást þykkt lífrænt lag í botni skurðarins og þegar byggingin hafði verið afhjúpuð kom í ljós að þetta lag var að finna í henni allri. Virðist vera um að ræða moð, þ.e. rotnað hey. Nokkrir gripir fundust í fyllingunni sem fjarlægð var með skurðgröfu. Var einkum um að ræða glerbrot, leirkersbrot, járnleifar af ýmsu tagi, viðarleifar og nokkur dýrabein. Í þykka lífræna laginu fannst talsvert af timburleifum sem sökum stærðar virðast vera úr innviðum hússins. Er eins um þessa gripi og þá sem fundust í SK1-3 að þeir virðast flestir vera frá fyrri hluta 20. aldar, en þó fæst

ekki endanlega úr því skorið fyrr en þeir hafa veriðgreindir af gripafræðingi. Verður verður nánari umfjöllun um þá því að bíða lokaskýrslu þeirrar sem rituð verður að loknum öllum rannsóknum í á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu. Einnig fannst ein hrossabeinagrind í laginu.

Engar aðrar mannvirkjaleifar fundust á Svæði A og var komið niður í óhreifðann jarðveg alls staðar umhverfis niðurgröfðu bygginguna, ef undan er skilinn lagnaskurður sem liggur þétt upp við hana að norðanverðu. Eins og fram kom í umfjöllun um SK1 hér að framan voru á þessum stað þrjú útihús með sameiginlegri hlöðu, þ.e hesthús og tvö fjárhús, sem rutt var árið 1955. Var gripahúsunum að sögn ábúenda einfaldlega ýtt með jarðýtu ofaní hlöðuna og sléttað yfir, sem skýrir hvers vegna ekki fundust aðrar byggingaleifar á rannsóknarsvæðinu. Tóftin sem grafin var upp er því eftir hlöðuna en fyllingi sem í henni var, leifar gripahúsanna sem voru sambyggð henni. Heila beinagrindin sem fannst í lífræna laginu er að sögn Guðmundar Magnússonar ábúanda í Leirvogstungu, líklega af vinnuklár sem nefndist Brúnn og var skotinn og skilinn eftir í hlöðunni, rétt áður en gripahúsunum var rutt.

Svæði B. Niðurstöður



Mynd 6: Horft til norðurs yfir rústirnar á Svæði B

Svæðið sem opnað var er um 17,8 x 14 m að stærð. Eins var farið að hér og á Svæði A að notast var við skurðgröfu til að taka burt yfirborðslög og til að moka upp úr byggingu þeirri sem sást í SK2. Að loknum vélgrefttri stóð eftir niðurgrafin bygging um 8,4 x 7 m að stærð, með vönduðum hleðslum úr tilhöggnu grjóti. Er hún af flestu ef ekki öllu leyti með sama byggingarlagi og hlöðutóftin sem grafin var upp á Svæði A. Ástand veggjanna er þó öllu lakara og eru víða skörð í hleðslurnar. Samanstoð fyllingin í byggingunni af torfblönduðum jarðvegi og stóru tilhöggnu hleðslugrjóti. Austarlega, sunnavert við þessa byggingu fundust síðan óljósar leifar veggja úr torfi og grjóti ásamt nokkrum hrullögum sem virðast vera eftir byggingar sem sambyggðar voru niðurgrofnu rústinni. Virðast þær hafa staðið á sama yfirborði og grunnur niðurgrofnu byggingarinnar var grafinn niður úr. Syðst við austurvegg niðurgrofnu byggingarinnar var svo grafin fram stétt, lögð úr náttúrulegu grjóti sem einnig hafði sést í SK2. Engin ummerki eldri bygginga eða byggingastiga sáust undir þessum mannvirkjum. Nokkrir gripir fundust í fyllingu niðurgrofnu rústarinnar. Var um að ræða glerbrot, leirkersbrot, víðarleifar, og járnmoni af ýmsu tagi. Við hreinsun á gólfi byggingarinnar fannst síðan koparpeningur, n.t.t tvíeyringur, merktur Kristjáni 9. sem var konungur Danmerkur á árunum 1863-1906. Verður þessi fundur að teljast ágætis vísbending um aldur byggingarinnar og líklegt að hún sé a.m.k frá upphafi 20. aldar.

Nokkrir gripir fundust einnig í áður nefndum hrunlögum sunnan við niðurgröfna bygginguna, einkum glerbrot og járnmunir af ýmsu tagi. Er eins um þessa gripi og þá sem fundust í SK1-3 og á Svæði A, að þeir virðast flestir vera frá fyrri hluta 20. aldar, en úr því fæst þó ekki endanlega skorið fyrir en þeir hafa verið greindir af gripafræðingi. Verður nánari umfjöllun um þá því að bíða lokaskýrslu þeirrar sem rituð verður að loknum öllum rannsóknum á skipulagssvæðinu í Leirvogstungu.

Nokkrar líkur eru á því að niðurgrafna tóftin sé eftir hlöðu og kemur þar einkum til hversu lík hún er hlöðutóftinni á Svæði A. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru útihús á þessum stað sem samanstóðu af einni stórra byggingu, um 10 x 8 m að stærð, sem lá austur vestur með þremur viðbyggingum að sunnanverðu sem allar virðast hafa verið um 8 x 5 m að stærð. Af fenginni reynslu af túnakortum frá fyrri hluta 20. aldar er ekki alltaf samræmi á milli raunverulegrar stærðar húsa og hvernig þau eru sýnd á kortunum og er því ekki loku fyrir það skotið að stóra byggingin á túnakortinu og niðurgrafna tóftin séu eitt og sama mannvirkið. Skipulag bygginganna sem sýndar eru á kortinu er ekki ósvipað því sem var á byggingunum á Svæði A. Því er líklegt að ef stóra byggingin á túnakortinu og niðurgrafna rústin eru sama mannvirkið, að veggjarleifarnar sunnan við niðurgröfna bygginguna sé það sem eftir er af viðbyggingunum þremur.

Heimildir

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Deiliskráning í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. (FS321-06231)*